

FUNDARGERÐ

338. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs var haldinn 5. janúar 2023 í fundarsal sjóðsins að Suðurlandsbraut 24, Reykjavík

Boðuð dagskrá:

1. Fundargerð
2. Sérstök söfnun
3. Heyrúlluplast
4. Mál til kynningar
5. Fundaáætlun
6. Önnur mál

Fundinn sátu:

Magnús Jóhannsson, formaður (MJ),
Lárus M.K. Ólafsson, varaformaður (LÓ),
Benedikt S. Benediktsson (BSB),
Eygerður Margrétardóttir (EM),
Guðný Hjaltadóttir (GH),
Hildur Hauksdóttir (HH),
Líf Magneudóttir (LM),
Ólafur Kjartansson, framkvæmdastjóri (ÓK).

BSB ritaði fundargerð.

Samantekt ákvarðana fundarins:

1. Fundargerð 337. fundar var samþykkt með breytingum sem voru útfærðar á fundinum en hún verður send stjórn til rafrænnar undirritunar.
2. Var ÁKVEÐIÐ að skrifstofa Úrvinnslusjóðs muni halda áfram vinnu við mat á mögulegri þörf fyrir breytingar á fyrirkomulagi móttöku málmumbúða m.t.t. bættrar upplýsingaöflunar um móttækið magn og kostnaðar og upplýsingaöflun um kostnað vegna meðhöndlunar glerumbúða, þ. á m. reynslu af tilraunaverkefni og möguleika á kostnaðarhagræði sem hlýst af samstarf um útflutning.
3. Stjórn samþykkti orðalag tillögu um stofnsetningu starfshóps um skipulag og utanumhald úttekta og yfirferð gagna um raunkostnað.

4. Ákveðið var að á fyrsta ársfjórðungi 2023 verði fundir stjórnar að meginreglu eftir hádegi annan hvern fimmtudag en áætlunin verði endurskoðuð í mars
5. Ákveðið var að næstu tveir fundir stjórnar verði haldnir 13. janúar 2023 kl. 09:00 og 3. febrúar 2023 kl. 10:00.

Dagskrárliðir og umræður:

Fundur var settur kl. 12:00

1. Fundargerð

Fyrir fundinum lágu drög að fundargerð 337. stjórnarfundar Úrvinnslusjóðs. Gerðardrögin voru samþykkt með breytingum sem voru útfærðar á fundinum og verður fundargerðin send stjórn til rafrænnar undirritunar.

2. Sérstök söfnun

Fyrir fundinum lágu skjölin *F338 D02 Minnisblað varðandi söfnun á málmumbúðum á söfnunarstöðvum, F338 D02 Minnisblað varðandi söfnun og ráðstöfun á glerumbúðum og F338 D02 Tillaga um starfshóp Úrsv.*

ÓK kynnti stjórn mögulega þörf fyrir breytingar á fyrirkomulagi móttöku málmumbúða m.t.t. bættrar upplýsingaöflunar um móttakið magn og kostnaðar.

ÓK kynnti stjórn upplýsingaöflun um kostnað vegna meðhöndlunar glerumbúða, þ. á m. reynslu af tilraunaverkefni og möguleika á kostnaðarhagræði sem hlýst af samstarf um útflutning.

Stjórn ræddi málin. Var ÁKVEDIÐ að skrifstofa Úrvinnslusjóðs muni vinna verkefnin áfram.

Stjórn ræddi ákvörðun síðasta stjórnarfundar um stofnsetningu starfshóps um skipulag og utanumhald úttekta og yfirferð gagna um raunkostnað. Stjórn gekk frá og SAMÞYKKTÍ endanlegt orðalag tillögu um starfshópinn.

3. Heyrúlluplast

Fyrir fundinum lá skjalið F338 Erindi til stjórnar Úrvinnslusjóðs.

ÓK gerði stjórn grein fyrir samskiptum við Silfraberg Umbúðalausnir ehf. í ljósi erindis fyrirtækisins.

Stjórn ræddi málið, m.a. með tilliti til þrepaskiptingar úrvinnslugjalds. Fram kom að taka þyrfi til skoðunar hvort ákvæði um þrepaskiptingu úrvinnslugjalds heimili að tekið sé tillit þess þess að gjaldskyld vara er úr endurunnu hráefni. Nánari umræðum um dagskrárliðinn var frestað.

4. Mál til kynningar

Fyrir fundinum lágu skjölin *F338 D04 Drög að skilmálum – 3.1.2022, F338 D04 Drög að samningi við þjónustuaðila_4.1.2022, F338 D04 Nýtt tölvukerfi Úrvinnslusjóðs, F338 D04 Söfnun á víðavangi – tiltekna einnota plastumbúðir, F338 D04*

Úrvinnslusjóður kynningarmál og F338 D04 Víðavangssöfnun_könnun hjá nokkrum sveitarfélögum_okt. 2022.

ÓK kynnti stjórn upplýsingar um erlenda kostnað og magn við söfnun tiltekinna plastvara, m.t.t. söfnunar á víðavangi. Stjórn ræddi málið.

Gunnlaug Einarsdóttir, sérfræðingur á skrifstofu Úrvinnslusjóðs, var gestur á fundi stjórnar og kynnti hún stjórninni efni draga að samningi við þjónustuaðila og draga að skilmálum. Stjórn ræddi málið.

Gunnar Á. Bjarnason, verkefnastjóri stafrænnar þróunar á skrifstofu Úrvinnslusjóðs var gestur á fundi stjórnar og kynnti hann stjórninni stöðu verkefna.

5. Fundaáætlun

MJ lagði til að fundir stjórnar á fyrsta ársfjórðungi 2023 yrðu að meginreglu eftir hádegi annan hvern fimmtudag en áætlunin yrði endurskoðuð í mars. Tillagan var SAMÞYKKT.

ÁKVEÐIÐ var að næstu tveir fundir stjórnar yrðu haldnir 13. janúar 2023 kl. 09:00 og 3. febrúar 2023 kl. 10:00.

6. Önnur mál

MJ vakti athygli á hækkun sorphirðugjalda af hálfu Reykjavíkurborgar. Stjórn ræddi málið.

MJ ræddi samskipti við fjölmiðla.

ÓK kynnti stjórn stöðu ráðningar nýrra starfsmanna á skrifstofu Úrvinnslusjóðs.

EM óskaði eftir að skrifstofa Úrvinnslusjóðs mundi taka þátt í kynningu á helstu verkefnum á vettvangi Sambands íslenska sveitarfélaga.

Fleira var ekki gert á 338. fundi stjórnar Úrvinnslusjóðs og fundi slitið kl. 15:12.